

Fréttatilkynning



Erfiðasta rekstrarár Byrs að baki

Afkoma Byrs er samkvæmt uppgjöri ársins 2008 neikvæð um 28.881 m.kr. að teknu tilliti til tekjuskatts. Eiginfjárhlutfallið er 8,3%. Fyrir skatta var afkoman neikvæð um 35.833 m.kr. sem er mikill viðsnúningur í samanburði við afkomu ársins 2007, en þá var hagnaður eftir skatta 7.929 m.kr. og hafði þá aukist um 60% á milli ára. Innlán Byrs námu 144.600 m.kr. og jukust um 106,3% á árinu. Útlán til viðskiptavina námu 172.325 m.kr. og jukust um 46,4% á árinu. Virðisrýrnun útlána, krafna og óefnislegra eigna nam 29.202 m.kr. en var 817 m.kr. árið 2007. Afskriftarreikningur útlána nam í árslok 2008 13,7% af útlánum og veittum ábyrgðum.

Uppgjör Byrs sparisjóðs fyrir árið 2008 ber þess skýr merki, að á síðasta ári reið yfir íslenskt efnahagslíf eitt versta áfall síðari tíma. Á haustdögum skall alþjóðlega fjármálakreppan af fullum þunga á íslenska bankakerfið, með þeim afleiðingum að stjórnvöld sáu sig knúin til að þjóðnýta viðskiptabankana þrjá. Fljótlega gat að líta áhrif bankakreppunnar í vaxandi atvinnuleysi, frosnum fasteignamarkaði, verulegri veikingu krónunnar og snarpri lækkun á gengi hlutabréfa. Samhliða hefur fjárhagsleg afkoma heimila og fyrirtækja veikst til muna. Þá hefur orðspor íslenska fjármálakerfisins orðið fyrir alvarlegum hnekki á erlendum vettvangi.

Stofnfjárukning á árinu 2007 ásamt góðri afkomu undanfarinna ára gerir að verkum, að þrátt fyrir ágjöfina er lausafjárstaða Byrs góð og eiginfjárhlutfall innan tilskilinna marka.

Meginskyringa á rekstrartapi ársins 2008 er að leita í verulegum varúðarniðurfærslum á útstandi krófum og rýrnun eigna. Gengið hefur verið langt í slíkum niðurfærslum, í ljósi þeirrar óvissu sem er uppi í efnahags- og atvinnumálum landsmanna. Er það gert þó að einhver hluti þessara krafna gæti fengist greiddur síðar. Byr sparisjóður hefur því alla burði til að ná fyrri styrk, svo framarlega sem aðhalds og varúðar verði gætt í rekstrinum á næstu árum og stjórnvöld geri sparisjóðum kleift að mæta breyttu rekstrarumhverfi.

Á árinu 2008 sameinuðust Byr sparisjóður og Sparisjóður Norðlendinga. Þann 19. mars 2008 samþykkti Fjármálaeftirlitið samrunann. Reikningssskilalega voru sjóðirnir sameinaðir frá 1. apríl 2008 og er rekstur Sparisjóðs Norðlendinga frá 1. janúar til 31. mars 2008 því ekki meðtalinn í ársreikningnum. Framangreindur samruni hefur því áhrif á samanburðarhæfni fjárhæða og hlutfalla á milli árána 2007 og 2008.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi:

- Afkoma Byrs fyrir árið 2008 var neikvæð um 35.833 m.kr. fyrir skatta samanborið við 9.613 m.kr. hagnað árið 2007. Tap eftir skatta nam 28.881 m.kr. samanborið við 7.929 m.kr. hagnað árið 2007.
- Útlán til viðskiptavina námu 172.325 m.kr. og jukust um 46,4% á árinu. Innlán viðskiptavina námu 144.600 m.kr. og jukust um 106,3% á árinu. Vaxtamunur tímabilsins var 2,2% samanborið við 1,9% árið 2007. Heildareignir numu 253.209 m.kr. og jukust um 37% á árinu.
- Eigið fé í árslok nam 16.213 m.kr. og hefur dregist saman um 36.984 m.kr. á árinu. Eiginfjárlutfall er 8,3%.
- Vaxtatekjur námu 33.684 m.kr. og jukust um 159,2% frá fyrra ári. Vaxtagjöld námu 26.335 m.kr. og jukust um 155,9% frá fyrra ári. Hreinar vaxtatekjur námu 7.349 m.kr. samanborið við 2.703 m.kr. árið 2007 og hafa því aukist um 171,9%.
- Hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 1.621 m.kr. samanborið við 13.885 m.kr. á árinu 2007 og hafa því lækkað um 111,7%. Rekstrargjöld námu 5.009 m.kr. og jukust um 45% frá fyrra ári. Launakostnaður hækkaði um 51,2% og almennur rekstrarkostnaður hefur aukist um 40%.
- Virðisrýrnun útlána, krafna og óefnislegra eigna nam 29.202 m.kr. samanborið við 817 m.kr. árið 2007. Afskriftarreikningur lána og krafna nam í árslok 2008 13,7% af útlánunum og veittum ábyrgðum en var 1,5% í árslok 2007.

BYR

Tilkynning vegna ársreiknings 31. desember 2008

BYR

-í þúsundum króna-

Rekstrarreikningur 2008

	2008	2007	% Breyting
Vaxtatekjur	33.684.048	12.995.985	159,2%
Vaxtagjöld	-26.334.898	-10.292.695	155,9%
Hreinar vaxtatekjur	7.349.150	2.703.291	171,9%
Þjónustutekjur	1.470.766	842.127	74,6%
Þjónustugjöld	-330.606	-288.381	14,6%
Hreinar þjónustutekjur	1.140.160	553.746	105,9%
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	-7.738.598	5.972.876	-229,6%
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	-2.427.362	363.805	-767,2%
Ýmsar rekstrartekjur	55.493	4.291.192	-98,7%
Aðrar rekstrartekjur samtals	-10.110.467	10.627.873	-195,1%
Hreinar rekstrartekjur	-1.621.157	13.884.910	-111,7%
Laun og launatengd gjöld	-2.197.939	-1.453.621	51,2%
Annar rekstrarkostnaður	-2.716.906	-1.940.083	40,0%
Afskriftir rekstrarfjármuna	-94.653	-60.807	55,7%
Rekstrar(tap)/hagnaður fyrir virðisrýrnun útlána	-6.630.655	10.430.399	-163,6%
Virðisrýrnun útlána, krafna og óefnislegra eigna	-29.202.481	-816.763	3475,4%
(Tap) Hagnaður fyrir skatta	-35.833.136	9.613.636	-472,7%
Tekjuskattur	6.951.721	-1.684.521	-512,7%
(Tap) Hagnaður ársins	-28.881.415	7.929.115	-464,2%

Efnahagsreikningur 2008:

Tilkynning vegna ársuppgjörs 2008

Eignir	2008	2007	% Breyting
Sjóður og bankainnstæður í			
Seðlabanka	37.176.749	3.611.888	929,3%
Kröfur á lánastofnanir	11.228.259	28.518.770	-60,6%
Útlán til viðskiptamanna	172.325.172	117.737.319	46,4%
Veltufjáreignir	4.298.155	5.238.999	-18,0%
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	13.581.344	14.345.443	-5,3%
Hlutdeildarfélag	1.358.161	3.072.921	-55,8%
Rekstrarfjármunir	2.894.617	1.859.428	55,7%
Óefnislegar eignir	1.317.999	4.756.197	-72,3%
Fjárfestingafasteignir	3.971.673	1.429.426	177,9%
Tekjuskattsinneign	3.217.509	0	-
Aðrar eignir	1.839.357	4.282.090	-57,0%
Samtals eignir	253.208.995	184.852.481	37,0%
Skuldir og eigið fé			
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og			
Seðlabanka	6.622.263	10.827.527	-38,8%
Almenn innlán	144.600.042	70.102.064	106,3%
Lántökur	78.169.095	41.540.666	88,2%
Víkjandi lán	3.271.949	2.256.441	45,0%
Lífeyrisskuldbinding	1.366.498	1.170.380	16,8%
Skattskuld	0	3.477.117	-
Aðrar skuldir	2.965.929	2.281.341	30,0%
Eigið fé	16.213.219	53.196.945	-69,5%
Skuldir og eigið fé samtals	253.208.995	184.852.481	37,0%
	2008	2007	
Eiginfjárhlutfall	8,3%	40,2%	
Vaxtamunur	2,2%	1,9%	
Afskriftir sem hlutfall af útlánum	13,7%	1,5%	
Stöðugildi í árslok	226	224	
Innlánsaukning	106,3%	49,7%	
Útlánsaukning	46,4%	61,3%	

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Helstu niðurstöður úr rekstrarreikningi

Neikvæð afkoma Byrs á árinu 2008 nam 35.833 m.kr. fyrir tekjuskatt, en var 9.614 m.kr. fyrir skatta í árslok 2007. Að teknu tilliti til skatta var tap tímabilsins 28.881 m.kr. en á árinu 2007 nam hagnaður sparisjóðsins 7.929 m.kr. eftir skatta.

Vaxtatekjur 2008 námu alls 33.684 m.kr. og jukust um 159,2% á árinu. Vaxtagjöld jukust um 155,9% og námu alls 26.335 m.kr. Hreinar vaxtatekjur námu 7.349 m.kr. en voru 2.703 m.kr. á árinu 2007. Vaxtamunur, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum í hlutfalli af meðalstöðu heildarfjármagns, var 2,2% en var 1,9% árið 2007. Hreinar þjónustutekjur, þ.e. þjónustutekjur að frádregnum þjónustugjöldum námu alls 1.140 m.kr. en 554 m.kr. á árinu 2007. Hreint tap af fjáreignum á gangvirði nam 7.739 m.kr. en voru 5.973 m.kr. á árinu áður. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna var neikvæð um 2.427 m.kr. og dróst saman um 2.791 m.kr. á milli ára. Aðrar rekstrartekjur námu 55 m.kr. en námu 4.291 m.kr. í lok ársins 2007.

Laun og launatengd gjöld námu 2.198 m.kr. á árinu 2008, en voru þar á undan 1.454 m.kr. sem jafngildir 51,2% hækkun og má m.a. rekja hana til sameiningar Sparisjóðs Norðlendinga við Byr. Afskriftir rekstrarfjármuna námu 95 m.kr. sem er 55,7% hækkun á milli ára. Annar rekstrarkostnaður nam 2.717 m.kr. en var 1.940 m.kr. árið 2007 og jókst um 40%, en talsverðar kostnaðarhækkunarir urðu á árinu vegna neikvæðrar verðlagsþróunar. Rekstrargjöld námu samtals 5.009 m.kr. en voru 3.455 m.kr. á árinu 2007. Rekstrargjöld sem hlutfall af meðalstöðu efnahags voru 2,29% á ársgrundvelli og hefur það hlutfall lækkað þar sem það nam 2,39% á árinu 2007.

Virðisryrnun útlána, krafna og óefnislegra eigna nam 29.202 m.kr. á árinu en var 817 m.kr. á árinu 2007. Afskriftarreikningur útlána nam 23.638 m.kr. sem er 13,7% af heildarútlánnum og veittum ábyrgðum, en var 1,5% í árslok 2007.

Efnahagur

Útlán til viðskiptavina námu 172.325 m.kr. og jukust um 46,4% á árinu. Helstu útlánaform eru verðtryggð lán, gengistryggð lán og reikningslán. Veltufjáreign nam 4.298 m.kr. og dróst saman um 18% frá fyrra ári. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði námu 13.581 m.kr. og lækkuðu um 5,3% frá fyrra ári. Hlutdeildarfélög námu 1.358 m.kr. og dróust saman um 1.715 m.kr. frá áramótum eða sem nemur 55,8%. Öll eign Byrs í skráðum verðbréfum var færð á markaðsgengi. Fjárfestingareignir, rekstrarfjármunir og aðrar eignir námu 8.706 m.kr.

Óefnislegar eignir Byrs námu 1.318 m.kr. í árslok 2008, en voru 4.756 m.kr. í árslok 2007 og lækka því um 72,3% á milli ára. Virðisryrnunarprófi var beitt á eignirnar og skýrir það lækkunina á milli ára. Innlán viðskiptamanna ásamt lántöku námu 222.769 m.kr. samanborið við 111.643 m.kr. í árslok 2007. Innlán viðskiptamanna námu 144.600 m.kr. og jukust því um 106,3% í samanburði við árið áður. Lántökur jukust úr 41.541 m.kr. í 78.169 m.kr. eða um 88,2% á milli ára. Byr sparisjóður var í árslok 2008 með erlenda fjármögnun að fjárhæð 41.349 m.kr. sem hefur lækkað um 6.000 m.kr. frá áramótum. Lánaskilmálar kveða á um lágmarks eiginfjárlutfall. Þar sem þau skilyrði eru ekki uppfyllt hefur sparisjóðurinn hafið viðræður við lánardrottna. Heildarskuldir jukust um 105.340 m.kr. eða um 80% og numu í árslok 236.996 m.kr.

Eigið fé

Eigið fé Byrs var í lok ársins 2008 16.213 m.kr. og dróst saman um 36.984 m.kr. á milli ára eða um 69,5%. Eiginfjárlutfall er 8,3% en var 40,2% í ársbyrjun. Það hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum.

Lausafjárlutfallið var 2,85 innan eins mánaðar og 6,45 eftir einn mánuð til þriggja mánaða, en skv. reglum Seðlabanka Ísland um útreikning á lausu fé og lausafjárlutfalli fjármálastofnanna má þetta hlutfall ekki fara undir 1 á fyrsta mánuði.

Stofnfjáreigendur í Byr eru 1509 talsins og er samanlögð eign stærsta stofnfjáreiganda um 9%. Lögum samkvæmt má enginn einn aðili vera skráður fyrir meira en 10% stofnbréfa eða fara með meira en 5% atkvæða á fundum stofnfjáreigenda. Með svo dreifðu eignarhaldi og takmarkandi ákvæðum gagnvart atkvæðavægi er því markmiði laga náð, að engin einn stofnfjáraðili geti haft ráðandi áhrif innan sparisjóða.

Á aðalfundi Byrs þann 9. apríl sl. lagði stjórn Byrs fram tillögu um arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2007 og var hún samþykkt samhljóða. Áður hafði hún hlotið samþykki Tryggingasjóðs sparisjóða, í samræmi við 68. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Jafnframt hafði stjórn Byrs gert Fjármálaeftirlitinu grein fyrir tillögu sinni um greiðslu arðs án athugasemda af þess hálfu. Alls nam arður ársins 13.471 m.kr. og var hann greiddur stofnfjáraðilum í réttu hlutfalli við stofnfjáreign.

Hlutafjárnvæðing

Á stofnfjáráðilafundi þann 27. ágúst sl. samþykktu stofnfjáreigendur að veita stjórn heimild til að breyta rekstrarformi sparisjóðsins úr sjálfseignarstofnun (stofnfjár sjóði) í hlutafélag. Heimildin var samþykkt nánast samhljóða. Áður hafði á aðalfundi Byrs þann 9. apríl, verið samþykkt að kannaðar yrðu mögulegar breytingar á rekstrarformi Byrs í hlutafélag. Setti sparisjóðsstjórnin á fót vinnuhóp, sem falið var að taka út helstu kosti og galla þess. Vinnuhópurinn komst að þeirri niðurstöðu, að fleiri rök mæltu með hlutafjárnvæðingu en gegn. Var m.a. bent á, að auk þess sem hlutafélög séu mun algengara rekstrarform um heim allan en það sem sparisjóðir byggja á, lúti þau almennt gagnsæjum og auðskildum stjórnvaldsreglum. Viðskipti með hlutafé séu því hagfelldari en með stofnfé og almennt séð standi hlutafélögum fjármögnun á hagstæðari kjörum til boða en sparisjóðum. Þann 19. september sl. samþykkti Fjármálaeftirlitið umsókn Byrs um breytingu sparisjóðsins í hlutafélag. Beðið var samþykkis erlendra lánardrottna fyrir breytingunni á rekstrarforminu þegar áföllin riðu yfir íslenskt efnahagslíf. Með hliðsjón af þeirri óvissu sem ríkir, er verið að vega og meta að nýju kosti hlutafjárnvæðingar með tilliti til hagsmuna viðskiptavina, stofnfjáreigenda og samfélagsins í heild. Ekki er því ljóst, hvort af breytingu sparisjóðsins í hlutafélag verður.

Vegna fyrirhugaðrar breytingar á rekstrarformi var stofnfjármarkaði Byrs lokað þann 25. ágúst sl. og hefur ekki verið opnaður aftur vegna þeirrar óvissu sem ríkt hefur á markaði. Sala eða annað framsal stofnfjárlhuta er þó heimilt með þeim takmörkunum sem leiða af ákvæðum 64. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en eigendaskipti að stofnfé eru ávallt háð samþykki stjórnar sparisjóðsins.

Samrunar

Þann 19. september 2008 ákváðu stjórnir Byrs sparisjóðs og Glitnis að hefja samrunaviðræður. Með viðræðunum var verið að kanna hvort grundvöllur væri fyrir sameiningu fyrirtækjanna. Viðræður voru enn á frumstigi þegar þeim var slitið 29. september. Ákvörðun um að gengið yrði til viðræðna um hugsanlega sameiningu við Glitni, var tekin af stjórn Byrs með hagsmuni stofnfjáreigenda og viðskiptavina sparisjóðsins fyrir augum, enda ljóst með hliðsjón af markaðsaðstæðum þá, að sameining við öflugt fjármálafyrirtæki á jafnt innlendum sem alþjóðlegum vettvangi, gæti verið hagfelldasti kostur beggja aðila. Áður en áreiðanleikakönnun hvors samningsaðila hafði farið fram, var rekstur Glitnis yfirtekin af stjórnvöldum og má því ætla að áreiðanleikakönnunin hefði leitt í ljós, að ekki væri grundvöllur fyrir sameiningu Byrs og bankans, auk þess sem stofnfjáreigendur hefðu þurft að samþykkja samrunann.

Þann 4. desember sl. undirrituðu stjórnir Byrs, Sparisjóðsins í Keflavík og SPRON viljayfirlýsingu þess efnis, að hefja undirbúning og vinnu sem miðar að því að sameina sjóðina. Viðræðurnar hafa gengið vel og er nú beðið þess að sparisjóðirnir ljúki uppgjörum sínum svo að halda megi þeim áfram. Endanlegrar niðurstöðu má því vænta innan tíðar. Skv. viljayfirlýsinguinni, miðast samruni samningsaðilanna, nái hann fram að ganga, við 1. janúar 2009.

Horfur fyrir árið 2009

Í áætlunum Byrs fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu og reiðir sparisjóðurinn sig í þeim efnunum á þann öfluga hóp sem starfsfólk sparisjóðsins myndar og aðhalds í rekstri. Lausafjárstaða Byrs er góð, viðskiptavinum sparisjóðsins hefur fjölgað og innlán aukist. Þá getur Byr styrkt lausafjárstöðu sína enn frekar með því að nýta sér ákvæði í lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, sem heimila sölu á skuldabréfum með veði í íbúðarhúsnæði.

Þó að Byr hafi staðið af sér áföll undanfarinna mánuða er ljóst, að hann stendur ásamt öðrum sparisjóðum frammi fyrir ótryggum horfum í efnahags- og atvinnumálum. Stjórnvöld hafa sýnt þessum breyttu aðstæðum skilning og hafa lýst yfir stuðningi við sparisjóði. Bent hefur verið á mikilvægi sparisjóðanna fyrir vöxt og viðgang nærsamfélaga þeirra og það mótvægi sem þeir mynda gagnvart öðrum fjármálastofnunum. Þá er í lögum nr. 125/2008 vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ákvæði sem heimilar eiginfjárframlag til sparisjóða og mun Byr í ljósi breyttra rekstraraðstæðna leita eftir því framlagi. Lögin heimila ríkissjóði að leggja sparisjóðum til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé í árslok 2007, gegn stofnfjárbréfum í viðkomandi sparisjóði, sem endurgjald í samræmi við það eiginfjárframlag sem lagt er til.

Persónuleg og vönduð fjármálaþjónusta hefur skilað sparisjóðunum ánægðustu viðskiptavinunum 10 ár í röð, eða allt frá því að mælingar hófust. Þá hafa sparisjóðirnir frá upphafi haft með sér samstarf í m.a. fræðslumálum starfsfólks og í tæknimálum og hefur það styrkt samkeppnisstöðu þeirra gagnvart stærri fjármálastofnunum. Forsenda endurreisnar íslensks efnahagslífs er tilvist sjálfstæðra fjármálastofnana sem geta stutt við heimilin og fyrirtækin í landinu. Forsenda þess að Byr geti veitt samkeppnishæfa þjónustu og gætt hagsmuna viðskiptavina sinna, er að fyllsta jafnræðis sé gætt í öllum aðgerðum stjórnvalda við endurreisn íslensks fjármálakerfis. Virk samkeppni fjármálafyrirtækja með dreift eignarhald er forsenda þess að fjárhagur lands og þjóðar risi á heilbrigðum grunni.

Nánari upplýsingar veitir:

Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri - sími 575 4000.